## Stjórnarfundur SKÍ
Fundargerð nr. 1645

*Mánudagur 19. Desember 2022 / kl. 14.30 / Rafrænn fundur*

| | |
|---|---|
| **Efni fundarins:** | Tólfti stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023. |
| **Fundarstjóri:** | Bjarni Theódór Bjarnason (formaður). |
| **Fundarritari:** | Hugrún Elvarsdóttir. |
| **Þátttakendur:** | Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanefndar, Friðbjörn Benediktsson formaður snjóbrettanefndar, Jón Egill Sveinsson varaformaður og Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar. |
| **Fjarverandi:** | N/A. |

*Fundur settur kl. 14.30.*

## Fundardagskrá:

1. Síðasta fundargerð.
2. Val á skíðafólki ársins 2022.
3. Þinggerð og niðurstöður þings 2022.
4. Breytt uppsetning fjárhagsáætlunar.
5. Punktar frá vinnuhópi um Tvíþraut (Biathlon).
6. Innheimta vegna iðkenda 2022.
7. Til kynningar – fyrirmynd að samkomulagsdrögum milli ÍF og Kraft og ÍF og BTÍ.
8. Mótaforritið.
9. Val á EYOF.
10. Starfsmannamál.
11. Önnur mál.

## Fundargerð:

1. **Síðasta fundargerð**
    a. Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ.
2. **Val á skíða-/brettakonu og manni ársins 2022, tillögur frá nefndum**
    a. Formenn nefnda; Einar, Sigurður og Friðbjörn gera grein fyrir vali þeirra nefnda:
        i. Skíðagöngunefnd leggur til Snorra Einarsson og Kristrúnu Guðnadóttur.
        ii. Alpagreinanefnd leggur til Hólmfríði Dóru Friðgeirsdóttur og Matthías Kristinsson.
        iii. Snjóbrettanefnd leggur til Vildísi Edwinsdóttur og Baldur Vilhelmsson.
    b. Stjórn kýs skíðafólk ársins.
        i. Snorri Einarsson og Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir hljóta meirihluta atkvæða og eru því skíðafólk ársins 2022.
3. **Þinggerð og niðurstöður þings 2022**
    a. Samþykkt samhljóða og þinggerð gerð opinber á vef SKÍ.
4. **Breytt uppsetning fjárhagsáætlunar**
    a. Breytingar gerðar eftir athugasemdir frá ÍSÍ sem bárust á Skíðaþingi 18-19. nóvember 2022.
    b. Yfirlit yfir 2021 bætt við hliðin á og gert sýnilegt svo hægt sé að bera saman.
    c. Samþykkt samhljóða.
5. **Punktar frá vinnuhópi um Tvíþraut (Biathlon).**
    a. Fundur 12.12.22 vegna Tvíþrautar.
    b. Lagt til að stofna formlegan en tímabundinn vinnuhóp.
6. **Innheimta vegna iðkenda 2022, sjá tölvupóstssamskipti við gjaldkera Ármanns**
    a. Iðkenda tölur rangar frá Ármanni, misskilningur sem átti sér stað og því mikilvægt að laga skráninguna sem fyrst.
    b. Jónas leggur til að hann fari í málið og leysi úr því í samráði við Ármenningana – samþykkt samhljóða.
7. **Til kynningar**
    a. Fyrirmynd að samkomulagsdrögum milli ÍF og Kraft og ÍF og BTÍ – vegna samstarfs um málefni fatlaðra.
    b. Jónas fer yfir drög að samning um yfirtöku af iðkendum sem hann mun senda á stjórn í kjölfarið þar sem hægt verður að koma með athugasemdir eða samþykkja.
8. **Mótaforritið – næstu skref**
    a. Frestað til næsta fundar, vantar gögn.
9. **Val á EYOF á Ítalíu 23. – 28. janúar 2023**
    a. Jónas fer yfir lista yfir mögulega keppendur, farastjóra o.fl. sem skila þarf inn til ÍSÍ.

b. Gísli með vinsamlega ábendingu um að þessar upplýsingar koma of seint til iðkenda og foreldra.  Erfitt að skila inn öllum upplýsingum á svona stuttum tíma, flestir iðkendurnir farnir erlendis.

*Friðbjörn kemur inn á fund stjórnar.*

**10. Starfsmannamál**

a. Trúnaðarmál.

**11. Önnur mál**

a. N/A.

## Næsti fundur

- Eftir áramót, ákveðið síðar.

*Fundi slitið kl. 15.45.*
*Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð*